

RANNSÓKNAFRÉTTIR

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Efnisyfirlit:

- *Samstarf í þekkingaröflun og miðlun*
- *Njútgjafnar bækur*
- *Doktorsverkefni Sóleyjar S. Bender*
- *Málstofur, málþing og opinber erindi á haustmisseri 2006*

Í STEFNU HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR FYRIR ÁRIN 2006-2011 I SEGIR:

„Hjúkrunarfræðideild ætlar að efla hágæða rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem standast alþjóðleg viðmið. Til þess þarf að stórefla aðstöðu kennara til rannsókna, styrkja doktorsnám og auka samstarf við valda háskóla, rannsóknastofnanir og heilbrigðisstofnanir.“

SAMSTARF Í ÞEKINGARÖFLUN OG MIÐLUN

Í vísinda- og menntastefnu HÍ stendur: „Sköpun nýrrar þekkingar og þróun tækni eru forsendur framfara og gegnir Háskólinn þar mikilvægu hlutverki með rannsóknum sínum og framhaldsnámi. Háskólakennurum og sérfræðingum er treyst til að gegna forystu í rannsóknum á sínu fræðasviði. Þeim ber að birta niðurstöður rannsókna sinna á vísindalegum vettvangi, sem gerir strangar fræðilegar kröfur, og leitast jafnframt við að kynna þær fyrir almenningi eftir því sem kostur er.“

Í samstarfssamningi HÍ og LSH stendur: „Megintilgangur háskólastarfsemi er skipuleg viðleitni til að afla, skapa og varðveita þekkingu og miðla henni til nemenda, fræðasamfélagsins og almennings. Á háskólasjúkrahúsi fer þessi starfsemi fram í nánnum tengslum við þá þjónustu sem veitt er sjúklingum.

Í þágu sameiginlegra markmiða samningsaðila er með samningi þessum leitast við að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem samningsaðilar búa yfir.“

Allt frá stofnun Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (RSH) árið 1997 hefur sá andi sem kemur fram í ofangreindri tilvitnun úr samstarfssamningnum ríkt í samskiptum stofnunarinnar við LSH. Árið 2004 var samstarf RSH og LSH formlega staðfest í reglum RSH og er RSH ætlað að vera vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Meginhlutverk RSH er að fylgja eftir vísindastefnu HÍ og efla sköpun nýrrar þekkingar. Jafnframt að miðla niðurstöðum rannsókna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra til heilbrigðisstarfsfólks og annarra. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að kynna rannsóknir í hjúkrun- og ljósmóðurfræði reglulega og birtist nú fyrsta tölublað *Rannsóknafrétt*a á degi hjúkrunarfræðideildar þegar 33 ár eru liðin frá því fyrstu stúdentar í hjúkrunarfræði settust á skólabeck í Háskóla Íslands. Hefð er fyrir því í hjúkrunarfræðideild að birta rannsóknir og upplýsingar um

þekkingarsköpun í faginu á vettvangi sem þessum en á árunum 1990-1994 kom út fjórum sinnum á ári *Fréttabréf í hjúkrunarfræði* og vakti það mikla athygli á sínum tíma.

Það er von stjórnar RSH að kennarar í hjúkrunarfræðideild, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á LSH sem og aðrir eigi eftir að hafa gagn og gaman af þessu framtæki.

Herdís Sveinsdóttir prófessor og formaður stjórnar.

MENNT ER MÁTTUR

„Ég gleðst yfir hverjum nýjum árangri sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður ná á þeirri braut að auka við þekkingu sína, færni, skilning og menntun, hvort sem þeir nema við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, erlenda háskóla eða hvar sem aukin þekking er í boði. Ég veit að aukin þekking þeirra sjálfra, aukinn skilningur á þörfum þeirra er þeir annast, aukin geta til að gefa frá sér þekkingu og færni til nemenda og annarra er njóta starfa þeirra — þetta er allt þjóð okkar til heilla og blessunar.“

*Ingibjörg R. Magnúsdóttir
Fyrirverandi formaður stjórnar náms-
brautar í hjúkrunarfræði í formála
bókarinnar „Frá innsæi til inngripa.“*

RANNSÓKNAFRÉTTIR


NÝ BÓK EFTIR KRISTÍNU BJÖRNSDÓTTUR

Nýverið kom út bókinn *Líkami og sál: Hugmyndir, þekking og aðferðir í hjúkrun* eftir Kristínu Björnsdóttur prófessor við hjúkrunarfræðideild.

Bókin fjallar um tilurð og mótun hjúkrunarstarfsins á Vesturlöndum frá miðri 19. öld. Rætt er um starfið með hliðsjón af uppgangi nútíma heilbrigðisþjónustu og í ljósi breytinga, sem orðið hafa á stöðu kvenna í samfélaginu.

Hugmyndafræðilegar stefnur innan heilbrigðisþjónustunnar eru greindar, svo sem hugmyndir um samspil líkama og sálar, holdgervingu, heilbrigði og áhrif umhverfis á heilsufar.

Samskiptum starfsmanna og sjúklinga eru gerð ítarleg skil. Að lokum er fjallað um stefnumörkun, sem tengist heilbrigðisþjónustunni, framtíð velferðarþjónustu og hlut hjúkrunar innan hennar.



„Hjúkrun miðar að því að aðstoða einstaklinga og þeirra nánustu við athafnir sem stuðla að velliðan og eflingu heilsunnar. Hún felst í umönnun, meðferð og stuðningi við þá sem vegna veikinda eða skerðingar á líkamlegri eða andlegri getu eða þreki þarfnast hjálpar. Hún beinist að heilsuvernd og að því að koma í veg fyrir heilbrigðisvandamál í öllum aldursþópum. Aðstoð hjúkrunarfræðings felst yfirleitt í viðfangsefnum sem krefjast sérhæfðar þekkingar, færni og reynslu, ýmsum aðgerðum eins og sáraskiptingum og lyffagjöf, eftirliti, snertingu, hlustun og í æ ríkari mæli í ráðgjöf, stuðningi og fræðslu til almennings, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Við skipulagningu og útfærslu á hjúkrun er tekið mið af skilningi einstaklingsins og aðstandenda á aðstæðum, væntingum þeirra og óskum. Því byggist árangursrík hjúkrun á því að hjúkrunarfræðingurinn geti samþættað almenna fræðilega þekkingu, bæði líffræðilega og félagsfræðilega, þekkingu á aðstæðum og skilningi þeirra sem hennar njóta. Hjúkrun fer fram á mörkum hins líffræðilega og félagslega. Árangursrík hjúkrun byggist á fjölbreyttri fræðilegri þekkingu um einstaklinginn, samfélagið og aðstæður ólíkra hópa og sértækri þekkingu um aðstæður, óskir og væntingar þeirra sem hennar njóta. Í þessari bók er leitast við að varpa ljósi á eðli þessarar þekkingar með hliðsjón af þörfum almennings á ólíkum tímum. Byggt er á þeirri meginhugmynd að sú þekking og færni, sem er mikilvæg í hjúkrunarstarfinu á hverjum tíma, endurspeglir sögulegar hefðir og aðstæður og beri því að skoðast í ljósi þeirra. Því er reynt að skýra hugmyndafræðilegar rætur starfsins og breytingar, sem orðið hafa á starfsaðferðum í tímans rás, með hliðsjón af sögunni.“

Úr inngangi bókarinnar „Líkami og sál.“

DOKTORSVERKEFNI SÓLEYJAR S. BENDER

Doktorsverkefni: Adolescent pregnancy

Meginmarkmið doktorsverkefnisins var að skoða algengi þungana unglingsstúlkna hér á landi miðað við önnur Norðurlönd, upplifun unglingsstúlkna af því að taka ákvörðun um barneign ásamt því að kanna sjónarmið unglunga gagnvart kynheilbrigðisþjónustu og notkun getnaðarvarna. Jafnframt voru metin áhrif ráðgjafar um getnaðarvarnir meðal kvenna sem fóru í fóstureyðingu.

Fram kom að tíðni þungana meðal unglingsstúlkna var hæst hér á landi, á tímabilinu 1976-2002, miðað við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, en fór lækkandi á rannsóknartímabilinu. Upplifun unglingsstúlkna af ótímabærri þungun og ákvörðun í kjölfar hennar skapaði töluverða togstreitu. Þegar kom að því að taka ákvörðun um þungunina gátu stúlkurnar ekki hugsað sér að fara í fóstureyðingu, voru samt ekki reiðubúnar að eignast barn, en reyndu að sætta sig við lokaákvörðunina. Fram kom að flestir unglingar vilja ekki standa frammi fyrir þungun á þessum tíma lífsins og kjósa fremur forvarnir. Þeir vildu í flestum tilvikum geta notið sérhæfðar, víðtækrar og hágæða kynheilbrigðisþjónustu og að getnaðarvarnir væru ódýrar. Notkun getnaðarvarna var líklegri meðal þeirra unglunga sem litu þungun alvarlegum augum og fannst það lítið mál að gera ráðstafanir varðandi notkun getnaðarvarna. Meirihluti kvenna sem fengu sérhæfða ráðgjöf um getnaðarvarnir fyrir fóstureyðingu byrjuðu að nota getnaðarvarnir eftir aðgerðina en það sama átti einnig við um samanburðarhóp kvenna sem ekki fengu slíka ráðgjöf. Yngri konur og þær sem voru í sambúð/giftar voru líklegri að nota getnaðarvarnir eftir fóstureyðingu. Niðurstöður benda til mikilvægi þess hér á landi að lækka tíðni þungana meðal unglingsstúlkna. Það sé gert með því að stuðla að kynheilbrigði unglunga með ýmsum forvörnum eins og þróun kynheilbrigðisþjónustu sem tekur mið af sérþörfum þeirra.

RANNSÓKNAFRÉTTIR

NÝ BÓK HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR

Frá Innsæi til inngripa: Þekkingarþróun í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði heitir bók sem út kom síðla sumars 2006. Ritstjóri bókarinnar er Helga Jónsdóttir. Í ritnefnd sátu auk þess Guðrún Kristjánsdóttir, Rúnar Vilhjálmsson og Sóley S. Bender. Bókin kemur út hjá *Hinu íslenska bókmenntafélagi*.

Þekkingarsköpun í starfsmiðuðum fræðigreinum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði hefur að stórum hluta hagnýtan tilgang sem felur í sér að auka skilning, lýsa, skýra og beita þekkingu til að fyrirbyggja heilsutjón og leysa úr klínískum vandamálum. Í bókinni er fjallað um fjölbreytileg og hagnýt viðfangsefni á fræðasviðum sautján kennara í hjúkrunarfræðideild við Háskóla Íslands. Viðfangsefnin og höfundar þeirra eru sem hér segir:

Hjúkrunarfræðilegt mat á verkjum - Anna Gyða Gunnlaugsdóttir.

Frá gögnum til þekkingar. Samspil klínískrar ákvarðanatöku og upplýsingatækni í hjúkrun - Ásta St. Thoroddsen.

Starfsánægja hjúkrunarfræðinga - Birna G. Flygenring.

Uppbygging þekkingar með upplýsingatækni - Connie Delaney.

Konur sem lifa við stöðugan ótta - Erla Kolbrún Svavarsdóttir.

Öryggi á sjó - Guðrún Pétursdóttir.

Breyttar áherslur í meðgönguvernd í ljósi nýrra aðferða til fósturgreiningar og skimunar - Helga Gottfreðsdóttir.

Stuðningsmeðferð: Að leita merkingar í heilsubresti - Helga Jónsdóttir.

Særanleiki frá sjónarhorni áhættu og tilvistar: Áhersla lögð á aðstæður kvenna - Herdís Sveinsdóttir.

Klínískt nám í hjúkrunarfræði: Líðan og reynsla nemenda - Hrund Sch. Thorsteinsson.

Umhverfi og lífsgæði aldraðra á hjúkrunarheimilum - Ingibjörg Hjaltadóttir.

Heimili sem vettvangur heilbrigðisþjónustu - Kristín Björnsdóttir.

Öryggi og gæði í heilbrigðisþjónustu - Laura Sch. Thorsteinsson.

Geðvernd – Vaxtarbroddur hjúkrunar- og ljósmæðraþjónustu í mæðra-, ungbarna- og smábarna-vernd - Marga Thome.

Geðjúkrun barna og unglinga - Páll Biering.

Þróun kynheilbrigðisþjónustu fyrir unglinga - Sóley S. Bender.

Viðbótarmeðferðir í hjúkrun - Þóra Jenný Gunnarsdóttir.



„Frá upphafi hefur fræðimennska í hjúkrunarfræðideild einkennst af fjölbreytileika. Kemur þar ýmislegt til. Má þar nefna að kennarar deildarinnar hafa stundað nám og rannsóknir í mörgum menningarheimum. Flestir eru menntaðir í Bandaríkjunum og Evrópu en rannsóknasamstarf teygir anga sína mun víðar. Þessi fjölbreytileiki endurspeglast vel á síðum þessarar bókar. Bókin ber heitið *Frá innsæi til inngripa*. Innsæi hefur skírskotun í djúpan og næman skilning, einhvers konar fyrirboða, gruns eða hugmyndar. Þannig vísar innsæi til einhvers sem ekki er að fullu hægt að henda reiður á en er mikilvægt. Störf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra hafa í hugum flestra skírskotun til framkvæmda — til inngripa í líf skjólstæðinga. Inngripin hafa heilsu og velferð skjólstæðinga og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi. Árangursrík inngrip eiga sér uppsprettu í innsæi. En margt fleira en djúpur skilningur, fyrirboði eða hugmynd þarf að koma til. Innsæi verður að haldast í hendur við beitingu fjölbættrar þekkingar, síðferðilegra gilda, samvinnu við skjólstæðinga og fjölskyldur, vandaða ákvarðanatöku og fjölmargt annað í starfsumhverfi og menningu svo framkvæmdin verði árangursrík.“

„Hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði eru starfsmiðaðar fræðigreinar og felur hin klíniska skírskotun í þekkingarþróuninni í sér praktíska nálgun: Þekking er þróuð til að auka skilning, lýsa, skýra og hagnýta við úrlausn klínískra vandamála og við fyrirbyggingu heilsutjóns. Þessi þekkingarþróun hefur eflst mjög á undanförunum árum. Sérfræðiþekking í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði vex stöðugt og hefur fræðimennskan í síauknum mæli áhrif á störf íslenskra hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.“

Úr inngangi bókarinnar „Frá innsæi til inngripa.“

MÁLSTOFUR, ERINDI OG MÁLÞING Á HAUSTMISSERI 2006

Málstofur eru kl. 12:10-12:50 í Eirbergi

12.09.2006

Aðalbjörg Finnbogadóttir

Reynsla hjúkrunarfræðinga af öryggi á vinnustað; Þættir sem efla og ógna öryggi hjúkrunarfræðinga í starfi á sjúkrahúsum.

25.09.2006

Sigríður Halldórsdóttir

Getum við linað þjáningu annarra?

10.10.2006

Eygló Ingadóttir

Klínískar leiðbeiningar til varnar byltum á LSH; Gerð leiðbeininganna og innleiðing þeirra.

24.10.2006

Jónína Sigurgeirsdóttir

Grundvallarþættir í reynslu sjúklinga af endurhæfingu með áherslu á þeirra eigin lýsingu á þörfum sínum; Fyrirbærafræðileg rannsókn.

14.11.2006

Jóhanna Bernharðsdóttir

Rannsókn á þörf fyrir geðhjúkrunarráðgjöf.

Opinber erindi

25.09.2006, kl. 16:15-17:15

Hringsal LSH

Í samstarfi RSH, LSH, hjúkrunarfræðideildar og læknadeildar

John Finegan

Globalizing Public Health: Challenges and Directions

Hnattvæðing lýðheilsu: Áskoranir og leiðir

26.09.2006, kl. 12:00-13:20

Stofa 103 Eirbergi

Donna Bliss og Ruth Lindquist

A Program of Research of Fecal Incontinence.

Health-Related Quality of Life of Patients Undergoing Coronary Artery Bypass Graft (CABG) Surgery.

28.09.2006, kl. 15:30-16:30

Stofa 132 Öskju

Þóra B. Hafsteinsdóttir

Endurhæfingarhjúkrun - gagnreynd hjúkrun.

24.11.2006, kl. 15:30-16:30

Hátíðarsal HÍ í Aðalbyggingu

Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Fæðingasögur íslenskra ljósmæðra: menning, hugmyndafræði og þekking.

Málþing

30.10.2006 *Að nýta íslenska gagnagrunna í rannsóknum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra*

8.12.2006 *Málþing um rannsóknir á fræðasviðum hjúkrunarfræðideilar*

RANNSÓKNASTOFNUN Í HJÚKRUNARFRÆÐI

Eirberg, Eiríksgata 34

101 Reykjavík

Sími: 525-5280

Fax: 525-4963

Netfang: helgabra@hi.is

Veffang: http://hjukrun.hi.is/page/hjfr_rannsoknastofnun

Í stjórn RSH sitja:

Herdís Sveinsdóttir, formaður

Sóley S. Bender

Hrund Sch. Thorsteinsson

Ólöf Ásta Ólafsdóttir, varamaður

Starfsmenn:

Helga Bragadóttir, forstöðumaður

Margrét Valdimarsdóttir, verkefnastjóri

HÁTÍÐARFYRIRLESTRAR

Í tilefni þess að fjórir kennarar hjúkrunarfræðideildar tóku við stöðu prófessors í hjúkrun á sl. ári býður hjúkrunarfræðideild til hátíðarfyrirlestra í hátíðarsal Háskóla Íslands 10. nóvember 2006, kl. 16.00-17.30. Hver prófessor mun halda 15 mínútna innlegg um fræðasvið sitt og að því loknu verður pallborð með þátttöku þeirra. Prófessorarnir eru þær Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Herdís Sveinsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Marga Thome. Nánar auglýst síðar.